

til að afstýra hallæri því, er vosir yfir, með því að úthluta peningunum til þeirra manna í sýslunni, sem í svipinn þurfa mestrar hjálpar við. Þar hjá skal jeg mælast til þess, að sýslunefndin útvegi hinar nákvæmustu skýrslur um, hve mikill skaðinn sje í hverri sveit, og sendi mjer þær með tillögum um, hvernig sje því, er síðan mun koma inn til að hjálpa þeim, er orðið hafa fyrir skaða af eldgosunum, verði haganlegast varið og skipt milli hinna nauðstöddu. Þar sem jeg vona að fá þegar með næsta pósti nýja sendingu frá nefndinni í Kaupmannahöfn af gjöfum þeim, sem koma inn, væri mjer kært að fá, ef mögulegt er með sama pósti með gufuskipinu frá Berufirði, þessar skýrslur og tillögur, og mun það þar að auki, eins og hægt er að sjá, vera áriðandi, að þær komi hingað svo snemma, að þær verði fyrir hendinni, meðan alþingi er átt hjer í sumar.

Jeg býst við að fá sem fyrst viðurkenningu sýslunefndarinnar fyrir að hafa tekið við 5000 krónum þeim, sem að ofan er getið, og sendar munu verða hjeðan með fyrsta norðanpósti, og að nefndin á sínum tíma sendi mjer nákvæma skýrslu um og skilagrein fyrir, hvernig sje þessu hefur verið varið.

*Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna).*

Til þess að reglugjörð sú fyrir hreppstjóra sem 52. grein 4. tölul. sveitastjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 getur um, að landshöfðingi skuli láta út ganga, geti orðið sem fullkomnust, hef jeg álitid það hentugt að semja bráðabirgðafrumvarp til hennar og leita álitu lögfróðra manna um það, fyr en það frumvarp til reglugjörðar, er leggja á fyrir amtsráðið, er fullsamið.

Jafnframt því nú að senda yður herra amtmaður nokkur exemplör af þessu frumvarpi skal jeg biðja yður að beiðast um það álits sjerhvers sýslumanns, er undir yður er skipaður, og þar eptir með síðustu póstferð þ. á. senda mjer öll álitin með ummælum yðar, til þess að hið endilega frumvarp til reglugjörðarinnar verði samið að vetri og afgreitt til amtsráðanna með fyrsta eða öðrum pósti að ári.

Það hefur ekki verið álitid nauðsynlegt að prenta ástæður með frumvarpinu. Einungis í einstökum atriðum t. a. m. í 12. grein um úrskurð reikninga hreppstjóra, hefur frumvarpið vikið frá því, sem álitu má lög eða venju, og ætla jeg, að það sje hverjum lögfróðum manni hægt með því að bera ákvarðanir þær, sem stungið hefur verið upp á, saman við lagastaði þá, sem vitnað er til, og erindisbrjef hreppstjóra frá 24. nóvbr. 1809 að sjá, hvað hefur verið haft við að styðjast, þá er frumvarpið var samið. Fleiri lagaákvörðunum hefur verið sleppt með vilja sumpart af því, að þær þóttu of sjerlegs eðlis t. a. m. um selaveiðar og sumpart af því, að þær snerta meira umboðsmenn sýslumanna á kaupþúnum en hreppstjóra, svo sem tilsjón með, að lögum um siglingar til landsins (fiskiveiðar út-lendinga), um gjöld, er hvíla á verzluninni, (lestagjald og vínfangagjald) og um skrásetningu og mælingu skipa, verði fylgt fram; en það er sjálfsagt, að það megi taka þær og aðrar ákvarðanir, sem þykir við eiga eður nauðsynlegt að hafa í reglugjörð fyrir hreppstjóra, inn í hið endilega frumvarp. — Með tilliti til þess, að frumvarp þetta er töluvert lengra en erindisbrjef hreppstjóra frá 1809, þó hjer hafi orðið að sleppa miklum köflum úr erindisbrjefinu, er nú einungis viðkoma hreppsnefndum, skal jeg taka fram, að það leiðir af því, hvað landið er strjálbyggt og illt yfirferðar, að hreppstjóri opt jafnvel í mikilvægum mál-efnum verður að beita valdi því, sem lagt er framkvæmdarstjórninni í hendur án þess að geta leitað leiðbeiningar eður fyrirmæla sýslumanns. Einkum er þetta augljóst, þegar um glöpmál er að ræða, þar sem það er svo einkar áriðandi, að valdstjórnin bregði fljót við og með snörpum og öruggum aðförum, taki öll ráð af glöpmanninum til að koma

1875

46

15da  
júni

47

15da  
júni

1875

47  
15da  
júní

því undan, er hann hefur stolið eður drygt með glepp, ellegar þá til að hafa sig sjálfan undan refsingunni. Hins vegar er það að óttast, að slíkt vald í höndum manna, sem ekki hafa ljósa þekkingu og fullkomna greind til að dæma um öll þau atriði, er koma til greina, þegar spurning er um, að hverjum helst eigi að heina rannsókn valdstjórnarinnar um mál er varða hana, og hver ráð eigi að taka gegn þeim mönnum, sem verða fyrir rannsókninni, geti orðið misbrúkað, og er það ástæðan til þess, að lagt hefur verið fyrir hreppstjóra í 1. grein frumvarpsins og víðar að bera sig í áriðandi málum, er ekki má fresta þangað til búið er að skýra sýslumanni frá málavöxtum, saman við sóknarprest sinn og hina helztu bændur um, hvað hann eigi að gjöra. Það er sjálfsagt, að hreppstjóri samt einn hefur alla ábyrgð á því, sem hann gjörir eður vanrækir í embætti sínu; en það virðist eðlilegt, að hreppstjórinn, sem er skyldur að aðstoða prest og hreppsændur í viðleitni þeirra til að efla siðferði og góðan heimilisbrag hjá hreppsúum, á hinn bóginn leiti ráða til hinna helztu manna í sveitinni í vandamálum þeim, er koma fyrir í embætti hans. — Loksins skal jeg taka það fram, að jeg hef í hyggju að láta fylgja reglugjörðinni fyrirmynd til allra ársskýrslna, sem hreppstjóri á að semja og þar að auki til hinna helztu skýrslna um einstakleg mál, er spurning getur orðið um, og til rjettargjörða þeirra, er hreppstjóra ber að framkvæma, og skal jeg biðja yður herra amtmaður, um leið og þjer segið mjer álit yðar um bráðabirgðafrumvarpið, að senda mjer tillögur yðar um, á hverjum fyrirmyndum helst muni vera þörf, og hvernig þjer ætlið, að þær eigi að vera.

Embættismenn skipaðir og settir:

Hinn 25. dag maímánaðar hefur hans hátign konungurinn allramildilegast skipað prest Vestmannaeyja-safnaðar sira Brynjólf Jónsson til að vera prest að Stokkseyri og Kaldaðarnesi í Árnesprófastsdæmi.

Hinn 12. dag s. m., staðfesti landshöfðingi veitingabjref stiptsyfirvaldanna frá 24. septbr. f. á., handa kand. Stefáni Halldórssyni, fyrir Dvergasteins prestakalli, og frá 9. marts p. á., handa sira Jakobi Björnsyni, fyrir Torfastaða prestakalli.

14. s. m. var eptir beiðni prestsins á Lundi, sira Bjarna Sigvaldasonar, veitingin á Setbergs prestakalli í Snæfellsnessýslu frá 24. apr. p. á., tekin aptur, og honum leyft að halda Lundar prestakalli.

S. d. var Setbergs prestakall í Snæfellsnessýslu, veitt aðstoðarpresti sira Þorvaldi Jónssyni á Gilsbakka.

Þjóðkjörnir alþingismenn.

Hinn 19. dag maímánaðar var kosinn fyrir Barðastrandarsýslu prófastur sira Eiríkur Ólafsson Kúld á Stykkishólmi.

Fyrir Húnaavatnssýslu eru kosnir bændurnir Ásgeir Einarsson á Þingeyrum og Páll Pálsson á Doeli;

fyrir Norðurmúlasýslu umboðsmennirnir Páll Ólafsson á Hallfreðarstöðum og Eggert Gunnarsson á Espihóli.

Um kosninguna í Snæfellsnes- og Hnappadals-sýslu, er engin skýrsla enn komin til hlutaðeigandi amtmanns.

Þar sem alþingismaðurinn fyrir Vestmannaeyjasýslu málaflutningsmaður Jón Guðmundsson andaðist 31. maí, skipaði landshöfðingi 2. dag júnímán., að ný alþingiskosning skyldi fram fara sem fyrst í þessu kjördæmi.

Einkarjettindi

um 5 ára tímabil samkvæmt tilskipun frá 11. desbr. 1869 hefur ljósmyndari Sigfús Eymundarson í Reykjavík áskilið sjer 7. dag júnímán., til að eptirmynda 8 ljósmyndir (1 af Þjóðhátíðinni á Þingvöllum 1874, 2 af Brúará, 1 af Geysi, 1 af Strokki, 1 af Heklu, 1 af Seljalandsfossi og 1 af Skógafossi) er hann hefur frumtekið eptir náttúrunni; og eru myndir þessar geymdar á ritstofu landshöfðingja. Þær eiga að vera útbúnar með nafni ljósmyndarans og á þær prentuð orðin „með einkarjetti“.